

**Nr. 19-004 S 003 Helgafell****Vélarvana út af Reykjanesskaga**

IMO.nr.: 9306017  
 Fánaríki: Færeyjum  
 Smíðaður: Hamborg 2005, stál  
 Stærð: 8830 GT  
 Mesta lengd: 137,53 m  
 Breidd: 21,55 m Dýpt: 8,50 m  
 vél: MAN 7 L 48/60 B, 8400 KW, 2005.  
 Fjöldi skipverja: 11



Helgafell©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNSA.  
 Slysaskýrsla frá skipi.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


**Atvikalýsing:**

Þann 14. janúar 2019 var Helgafell á siglingu út af Grindavík á leið til Reykjavíkur. Veður: ANA 14- 16 m/s.

Klukkan 12:02 þegar skipið var stutt á stað 63°41'6N og 022°0V stöðvaði aðvörunarkerfi frá sveifarhússkynjara (*Oil Mist Detector*) aðalvél skipsins. Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga og tilkynnti stöðuna en eftir skoðun vélstjóra var aðalvélin gangsett aftur klukkan 12:26 og ferðinni haldið áfram.

Klukkan 13:06 stöðvaðist aðalvélin aftur af sömu ástæðu þegar skipið var stutt um fjórar sjómílar SSA af Reykjanestá.

Landhelgisgæslan fylgdist með skipinu og varðskip og þyrlla voru sett í viðbragðstöðu.



Ferill skipsins

Um kl. 13:15 þegar straumur hafði verið tekinn af sveifarhússkynjaranum tókst að gangsetja aðalvélinu og sigla skipinu til hafnar í Reykjavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að viðgerðaraðili var fenginn til að yfirfara sveifarhússkynjarann og í ljós kom sambandsleysi á rafmagnsvír sem orsakaði atvikið;
- að sveifarhússkynjarinn vaktar loftið í sveifarhúsinu og gefur viðvörðun og drepur á aðalvélinni ef hann þefar upp brunareyk eða vatnseym;
- að sveifarhússkynjarinn var af gerðinni *Schaller Automation Type: VN 115/87-EMC*;
- að skipið var á innri siglingaleið við Reykjanes enda lágu fyrir réttindi til þess frá Samgöngustofu.



Sveifarhússkynjarinn (Oil Mist Detector)

**Nefndarálit:**

Orsök bilunarinnar var sambandsleysi á rafmagnsvír í tengiboxi fyrir sveifarhússkynjara.